

Þingsályktun

um staðfestingu samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd eftirtalda samninga um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen sem gerðir voru í Reykjavík 18. júní 1998:

- Samning milli Íslands, Grænlands/Danmerkur og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.
- Samning um gagnkvæmar veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands og Grænlands.
- Tvíhliða samkomulag milli Íslands og Noregs.

Samþykkt á Alþingi 10. mars 1999.

